

## Fundargerð 101. fundar skráningarráðs

haldinn 7. apríl 2016 kl. 14-16 í húsakynnum Landskerfis bókasafna.

Fundarmenn: Áslaug Þorfinnsdóttir, Hallfríður Hr. Kristjánsdóttir (fundarritari), Rósa S. Jónsdóttir (formaður) og Þóra Sigurbjörnsdóttir. Auk þess sátu fundinn Hildur Gunnlaugsdóttir ritstjóri Gegnis, Sigrún Hauksdóttir þróunarstjóri Landskerfis bókasafna og Rósa Björg Jónsdóttir, Landsbókasafni – Háskólabókasafni.

1. **Fundargerð síðasta fundar** var yfirfarin og samþykkt
2. **Undanþágubeiðni um framlengingu á skráningarheimild** vegna fæðingarorlofs á meðan það stendur yfir. Undanþágubeiðnin samþykkt.
3. **Erindi um framsetningu á ártölum í sviði 264 |c.** Samþykkt að skráning á útgáfuárum sem ekki koma fram á viðfangi skuli vera í Gegni á eftirfarandi hátt:
  - [2003] ef ártal er þekkt en ekki á viðfangi
  - [2003?] fyrir líklegt ártal
  - [2003 eða 2004] ef vitað er að útgáfuárið er innan tveggja ára tímabils
  - [milli 2003 og 2013?] ef útgáfuárið er líklega innan tiltekins tímabils

Ekki á að nota spurningarmerki í sjálfri tölunni (195? eða 19??) til að gefa til kynna líklegt útgáfutímabil.

4. **Erindi um hvernig skuli farið með íslensk forlög sem gefa upp erlendan fyrsta útgáfustað.** Skv. RDA reglum er skrásetjara skylt að taka upp fyrsta útgáfustað eins og sett er fram á heimild lýsingar. Upptekt á öðrum útgáfustöðum er valkvæð. Skráningarráð samþykkir sérstaka meðferð íslenskar útgáfu þar sem fyrsti útgáfustaður á viðfangi er ekki á Íslandi. Þetta efni á að kóða í 008 sem íslenskt (ic) og í 264 |a á að taka upp útgáfustaði í þeirri röð sem þeir eru settir fram á viðfangi til og með þeim íslenska.
5. **Erindi frá vinnuhópi um RDA skráningu á kvikmyndum.** Skráningarráð samþykkti erindi um að víkja frá RDA reglum um stafrétta upptekt á ábyrgðaraðild skv. forgangsheimild lýsingar. Samþykkt er að í svið 245 |c sé heimilt að taka aðeins upp leikstjóra. Þá ábyrgðaraðild skuli taka upp stafrétt af viðfangi. Aðra ábyrgðaraðila má skrá í svið 508 og /eða 511 eftir því sem við á.
6. **Leiðréttur/réttur titill.** Erindi frá Hildi um afstöðu skráningarráðs um hvort sleppa eigi athugasemd þegar sett er fram leiðrétting á titli í svið 246. Ákvörðun skráningarráðs er að leiðréttir titlar skuli settir fram athugasemdalaust í svið 246.
7. **Um framsetningu á öðrum titlum í sviði 246:** Erindi frá Þóru um að stytta textann sem settur er fram í athugasemd (deilisvið i) í sviði 246. Samþykkt að þar skuli nota *Á kili* í stað Titill á kili, *Á kápu* í stað Titill á kápu o.s.frv.
8. **Hagræðing greinarmerkja.** Í ákvörðunum skráningarráðs og Handbók skrásetjara kemur fram að skrásetjarar megi hagræða greinarmerkjum við upptekt á titlum (og ábyrgðaraðild). Hvergi kemur þó fram hvernig eigi/megi hagræða þeim eða hvers vegna. Þetta þarf að skýra með vísan í ISBD staðalinn. Hallfríður tekur saman texta og leggur fyrir næsta fund skráningarráðs.

9. **Viðurkenningarskjöl kennara á RDA námskeiðum.** Erindi um að kennarar fái viðurkenningarskjál frá skráningarráði vegna endurmenntunar í tengslum við RDA námskeiðin. Samþykkt að Magnhildur Magnúsdóttir, verkefnastjóri innleiðingarinnar sjái um að útbúa og skrifa undir skjölin
10. **Birting fullrar færslu – svið 240.** Erindi frá Sigrúnu Hauks um að breyta fyrir sögn 240 sviðsins í fullri færslu á Leitir.is úr *Samræmdur titill* í *Annar titill*. Erindið var samþykkt.
11. **Birting fullrar færslu – viðsnúin nöfn.** Fyrirspurn frá Sigrúnu Hauks um hvort við viljum birta erlend mannanöfn viðsnúin (John Smith í stað Smith, John). Ekki talið tímabært að leggja í þá vinnu.
12. **Grunnskjal fyrir hljóðritaða tónlist skráða skv. RDA.** Rósa Björg kynnti lokaútgáfu grunnskjals fyrir tónlistarskrásetjara. Vinnuhópur um tónlistarskráningu er tilbúinn með skjalið, en fara þarf yfir það og samþykkja í skráningarráði. Á þessum fundi náðist að fara yfir 13 bls. Rósa Björg uppfærir skjalið í samræmi við þær breytingar sem voru samþykktar á fundinum og sendir aftur til skráningarráðs. Restin af skjalinu verður tekin fyrir á næsta skráningarráðsfundi eftir viku. Námskeið í tónlistarskráningu er á dagskrá 29. apríl og þá þarf bæði að vera búið að samþykkja grunnskjalið og færa það inn í Handbók skrásetjara.
13. **Önnur mál:**
- Skráningarráð samþykkir að skrásetjum sé heimilt að nota íslensku til að greina hlutverk ábyrgðaraðila í svið 245 |c sé þörf á að greina það. Ábyrgðaraðild á skv. RDA að greina á tungumáli viðfangs, en í þeim tilfellum þar sem skrásetjarar þekkja ekki tungumálið eða þykir ólíklegt að það sé til gagns fyrir notendur er þeim heimilt að greina hlutverkið á íslensku og innan hornklofa.
  - Hildur benti á að skráningarráð þarf að taka ákvörðun um hvernig á að halda utan um uppfærslur og breytingar sem hafa orðið og munu verða á grunnskjölnum sem unnin voru fyrir skráningarráð og eru sett fram sem leiðbeiningar í Handbók skrásetjara. Verður rætt betur á næsta fundi

Næsti fundur verður haldinn 14. apríl kl. 9-11